

1855.

9. maí.

um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegningarvinnu, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Upp frá 4. degi aprílmánaðar 1851 skulu afbrotamenn þeir, sem samkvæmt reglum þeim, sem nú gilda, ættu að vinna í rasphúsinu eða í festingu, fara í tukthúsið.

2. gr. Þegar ákveðin er vinna í tukthúsinu eða betrunarhúsinu, skal eptirleiðis ekki í dóminum tiltaka neinn vissan hegningarstað. Þó skal láta þá, sem dæmdir verða til fyr nefndrar hegningarvinnu, fara í sömu hegningarhúsi, sem hingað til, þangað til dómsmálastjórnarráðið tiltekur, að öðruvísi skuli vera.

3. gr. Í tilliti til þeirra afbrotamanna, sem hingað til hafa verið dæmdir til vinnu í einhverju tilteknu tukthúsi eða betrunarhúsi, þá er það á valdi dómsmálastjórnarráðsins, að ákveða, hvar þeir eigi að vinna hegningarvinnu þessa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddg. Stephensen.*

## 16. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi<sup>1</sup>.

9. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög um prentfrelsi, dags. 3. d. janúarm. 1851, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sjerhverju riti, sem út kemur frá nokkurri prentsmiðju á Íslandi, skal standa nafn prentarans, og hvar ritið sje prentað. Ef út af þessu er brugðið, sektast prentarinn, og ef hann finnst ekki, þá sá, sem hefur ritið til sölu eða útbýtingar, fjebótum frá 5 til 100 rd.

2. gr. Ef rangt er sagt til prentara, skal bæta frá 5 til 250 rd. Hin sama sekt liggur við fyrir þann, sem veit, að rangt er frá sagt, og hefur ritið til sölu eða útbýtingar.

3. gr. Rithöfundarnir skulu hafa ábyrgð á efni bóka þeirra,

<sup>1</sup>) sbr. Alþingist. 1853, bls. 1033-1035, og Viðbætir A, 19-22.

1855. sem prentaðar eru í Íslandi, þegar þeir hafa sagt til nafns síns á ritinu, og þar að auki annaðhvort voru búsettir á Íslandi, þegar ritið kom út, eða eru undir dómssvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, liggur ábyrgðin með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, og því næst á kostnaðarmanni eða þeim, sem hefur það til sölu. Ef nokkur af hinum tilteknu skilmálum vantar, til þess, að einhver þeirra manna, sem nefndir hafa verið, verði krafður ábyrgðar, þá liggur ábyrgðin á prentaranum.

Þegar fleiri gefa út rit eitt í fjelagsskap, og einn þeirra gefur sig fram, sem útgefanda nokkurra kafla í ritinu, sem nægilega eru afmarkaðir, hafa hinir útgefendurnir enga ábyrgð af þeim köflum.

Sjerhver þeirra manna, sem þannig kunna að fá ábyrgðina, er skyldur til, þegar á hann er skorað, og hann vill ekki sjálfur taka að sjer ábyrgðina, að gefa þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru, til að sanna, að ábyrgðin liggja á einhverjum hinna áður nefndu; þó skal slíka áskorun gjöra áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því hin fyrsta auglýsing um það, að ritið sje á prent komið, hefur verið birt í blöðunum; ella hefur hann enga ábyrgð af ritinu.

4. gr. Af sjerhverju því riti, sem ekki er stærra en 6 arkir, skal prentarinn, jafnframt því sem hann lætur af hendi ritið úr prentsmiðjunni, og í síðasta lagi áður en ein stund er liðin, frá því hann byrjaði að láta ritið af hendi, senda eitt exemplar af því á lögregluhúsið, og skal hann þegar fá kvittun fyrir því, ef hann beiðist. Ef út af er brugðið, varðar það 10 til 250 rd. bóttum. Ef enginn prentari er nafngreindur á bókinni, eða rangt er sagt til nafns hans, og ekki verður komið eptir, hver prentað hafi, lendir ábyrgðin á kostnaðarmanninum eða þeim, sem hefur ritið til sölu.

5. gr. Sá, sem á prenti ræður til uppreistar gegn konungi, eða til með ofbeldi að raska friði og frelsi ríkisþingsins, eða til að koma með ofbeldi breytingu á stjórnarlag það, sem ákveðið er í grundvallarlögum ríkisins, skal útlægur af landi, eða gista

1855.

9. maí.

í ríkisfangelsi í 5 ár eða fleiri, eða alla æfi, eptir málavöxtum.

6. gr. Sá, sem á prenti dróttar að konunginum ranglátum eða svívirdilegum athöfnum, leyfir sjer smánandi dóma eða orðatiltæki um konunginn, eða fer um hann meiðandi ummælum, sæti hegningu í fangelsi frá 3 mánuðum til 2 ára. Sömu hegningu skal sá sæta, sem á líkan hátt brýtur við drottinguna, ekkjudrottinguna, konungsefnið eða ríkisstjóran.

7. gr. Ef nokkurt rit er út gefið, sem meiðir útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konung, annaðhvort með því að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, eða drótta heimildarlaust að stjórnendum slíkra ríkja ranglátum og skammarlegum athöfnum, þá skal hinn seki gista fangelsi 3 mánuði til 1 árs, eða láta úti 25 til 250 rd. Fyrir dóm og lög skal hann þá að eins draga, ef stjórn sú, er hlut á að máli, æskir þess.

8. gr. Ef nokkurt rit er gefið út, sem gjörir gis að trúarlærdómum eða guðsdýrkun nokkurs trúarbragðafjelags, sem nú er í ríkinu, skal hinum seka hegnt með 1 til 6 mánaða fangelsi. Sömu hegningu sætir sá, sem lætur prenta klámrit, eða hann bætir 50 til 250 rd. bótum.

9. gr. Ef nokkur skerðir virðingu annars á prenti, með því annaðhvort að drótta að honum heimildarlaust þeirri hegðun, sem gjörði hann óverðugan virðingar samborgarmanna sinna, eða nefnir hann þeim nöfnum, sem að eins slík hegðun gæti gefið tilefni til, þá skal honum hegnt með fangelsi í 3 mánuði til 1 árs, eða fjebótum frá 50 til 250 rd. Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem verða má virðingu þess, er fyrir verður, til hnekkis, sem og fyrir ókvædisorð eða skammaryrði, skal bæta frá 5 til 250 rd., eða það varðar fangelsi frá 14 dögum til 3 mánaða. Í öllum áður nefndum tilfellum ber þar að auki að dæma hin óvirdurkvæmilegu orð ómerk, þegar þess er krafizt af þeim, sem meiddur er.

10. gr. Fyrir að skýra svo frá á prenti um hagi einstakra manna og heimilisstöðu, að það spilli heimilisfriði, skal bæta frá 10 til 50 rd.

11. gr. Sjerhver, sem þykist vera áreittur í einhverju tímariti, eða sem æskir að leiðrjetta það, sem um hann er sagt

1855.  
9. mai.

í ritinu, getur krafizt, að veitt sje viðtaka borgunarlaust í ritið auglýsingu um, að mál sje höfðað út af áreitninni, sem og um málalok, eða leiðrjettingu, sem þó má ekki vera lengri en  $\frac{1}{4}$  úr númeri, eða tilvísun um leiðrjettingu í öðru riti.

Skal þetta taka upp í fyrsta eða annað númer af tímaritinu, sem kemur út, næst á eptir að hann hefur æskt viðtökunnar með vottum; þó skal útgefandi, hvernig sem á stendur, ekki vera skyldur til að taka upp í eitt númer fleiri slíkar auglýsingar eða leiðrjettingar, en sem komast á  $\frac{1}{4}$  úr númeri.

Ef leitt er hjá sjer að gegna þessari skyldu, liggja við því 10 til 50 rd. bætur, og má þvinga hlutadeiganda til að taka upp í ritið það sem óskað er, með því að ákveða sektir fyrir hvern dag eptir dóms-atkvæði.

12. gr. Upptækt verður rit eptir dómi, þegar það er þess efnis, sem hegningarvert sje samkvæmt 5., 6., 7. eða 8. grein þessarar tilskipunar.

13. gr. Stiptamtmaðurinn á Íslandi ákveður, hvort höfða eigi mál gegn riti fyrir sakir efnisins að tilhlutun hins opinbera. Hald má, þegar svo á stendur, einungis leggja á ritið eptir úrskurði rannsóknardómarans.

14. gr. Heimilt er að flytja inn í landið útlend rit. Ef stiptamtmanni virðast slík rit þess efnis, að hegningar sje vert, og ef enginn af þegnum Danakonungs getur haft ábyrgð af útbreiðslu þeirra, getur fógetinn bannað þeim, sem hefur eða haft hefur ritið til sölu eða útbýtingar, að útbreiða það framar í landinu, og skal banni þessu, eptir að búið er að stefna þeim, sem bönnuð hefur verið sala ritsins, tafarlaust fylgt fram, eptir því rjettarfari, sem lögboðið er í sakamálum. Ef dómurinn staðfestir bannið, skal ákveða í dóminum, hversu langt megi líða, þangað til ritið er sent burt úr ríkinu, eða að öðrum kosti verði gjört upptækt. Dóm þennan skal þrisvar birta að tilhlutun hins opinbera í einhverju íslenzku blaði og í Berlínga tíðindum, og má eptir það hvorki panta ritið til sölu, selja það nje útbýta því í ríkinu, og ef móti þessu er brotið, skal það sæta fjebotum frá 25 til 250 rd., eða fangelsi í 14 daga til 6 mánaða.

15. gr. Ef þrír slíkir dómar eru lagðir á eithvert tímarit

1855.  
9. maí.

eða fleiri slík rit, sem einn er útgefandi að, á tveggja ára tíma, má ákveða í hinum síðasta þessara dóma, að þetta rit eða önnur tímarit, sem hinn sami maður gefur út, megi ekki flytja inn í ríkið, nema því að eins að dómsmálastjórnarherrann leyfi það. Bannið sje birt, og afbrigðum gegn því hegnt, eptir því sem til er tekið í 14. gr.

16. gr. Það, sem ákveðið er í tilskipun þessari um prentuð rit, gildir einnig, þegar letur er gjört með einhverjum öðrum tilfærum en prenti.

Sömuleiðis má heimfæra ákvarðanir þær, sem gefnar eru um prentuð rit, að 4. gr. frátekinni, að sínu leyti upp á myndir, stungnar í eir, skornar í trje og prentaðar á stein, og aðra líkingarfulla uppdraetti. Þó skal, svo framarlega sem myndirnar eru gefnar út með einhverju riti og sem hlutar úr því, ábyrgðarmaður ritsins einnig hafa ábyrgð af myndunum.

17. gr. Tilskipun þessi kemur í staðinn fyrir ákvarðanir þær, sem áður eru gefnar um prentfrelsi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

*Oddg. Stephensen.*

### Ástæður fyrir tilskipun þessari.

Við 1. gr. Alþingið hafði stungið upp á, að orðin „hjer í ríkinu“ í þessari og alstaðar í hinum greinum á eptir, yrðu úr felld og í stað þeirra sett „hjer í landinu.“ En þar eð lögin koma hjer út, þótti stjórninni það rjettara að setja í stað þeirra, orðin „í Íslandi“, eða „í landinu“, þar eð sambandið í greinum þeim, þar sem orðin „hjer í ríkinu“, koma fyrir, krefur eða leyfir þess konar breytingu, og verður því þó ekki við komið í 8. gr., 14. gr. 3. lið og 15. gr. Samkvæmt hinni almennu ákvörðum í tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr. ætti að minnka bæði hinar minnstu og mestu batur um helming, en þar eð hinar minnstu batur eru svo lágar, nefnilega 5 rd., þókti ekki við eiga að lækka þær, en hinar mestu batur eru þar á móti lækkaðar eptir áður greindri reglu.

Við 3. gr. Alþingið hafði við þessa grein farið fram, að

1855.  
9. maí.

Þriggja mánaða frestur sá, sem ákveðinn er í seinasta lið greinarinnar, þegar skorað er á einhvern mann, er ábyrgðin fyrir prentað rit getur legið á, en sem ekki vill taka hana að sjer, að gefa þær skýrslur sem nauðsynlegar eru til að sanna að ábyrgðin liggir á öðrum, yrði lengdur til 6 mánaða, þar eð ásigkomulag landsins, vegna strjálbygðar og samgönguleysis, gæti valdið því, að hlutaðeigandi, einkum á vetrardag, fengi ekki vitneskju af bók eða dagblaði, sem komið væri á prent, fyr en eptir þann tíma, sem í lagabodinu er til tekið. Stjórnin fjellst á ástæður þingsins fyrir breytingu þessari, og rjedi því til að farið væri eptir henni.

Við 4. gr. Þingið áleit batur þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, væru of háar þegar litið væri til hvernig til hagsaði á Íslandi, og bar það því fram, að þær yrðu lækkaðar til 5—50 rda., því þingið áleit að þessi fjársekt bæði mundi nægja til þess að afstýra óreglu þeirri, sem sektin liggur við, og líka standa í hæfilegu hlutfalli við afbrotið. Stjórnin áleit þó, að lækkun sú á fjársektum þessum, sem heimiluð er, þegar Ísland á hlut að máli, í hinni almennu ákvörðun í tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., nefnilega um helming af hinum lögákveðnu lægstu og hæztu bótum, mundi vera nægileg í þessu tilfelli, og að sektin, sem verður þannig minnst 10 rd., er ekki ofmikil fyrir slíkt afbrot, er miðar til að draga lagabrot, er kunna að vera gjörð, undan umsjón hins opinbera, og er því greinin saminn samkvæmt þessu.

Við 5. gr. Þingið fór fram á, að sú klausa greinarinnar, er talar um að raska með ofbeldi friði og frelsi ríkisþingsins, væri úr felld, þar eð hún ætti ekki við á Íslandi, en þar eð þess konar afbrot gætu þó komið fyrir á Íslandi, og þar eð konungsfulltrúi hefur einnig verið í efa um, hvort hæfilegt væri að sleppa þessu, einkum þar eð Ísland eptir áliti sjálfs alþingis ætti að heyra undir ríkisþingið (eða alríkisþingið) í öllum almennum málefnum, var ekki farið eptir áliti alþingis í þessu.

Við 6. og 7. gr. Þar eð fangelsis hegningu, eins og stendur, verður ekki komið við á Íslandi, þótti þinginu nauðsyn bera til að stinga upp á því, að þessari hegningu, bæði eptir þessari

1855.  
9. maí.

grein lagaboðsins og þar sem það annarstaðar í því er ákveðið, yrði fyrst um sinn breytt í fjársekt, en þingið gjörði þó ráð fyrir, að það lifði ekki á löngu áður en fangelsishegningu einnig verði komið við á Íslandi, t. a. m. í Reykjavík, og, ef til vill, á Akureyri.

Stjórninni þótti þó ísjárvert að breyta hegningu fyrir þess konar afbrot í fjársektir, og á hinn bóginn þótti það ekki ráðlegt, eptir ásigkomulagi þess konar afbrota, að setja í staðinn refsingu þá, er að öðru leyti er ákveðin á Íslandi, samkvæmt tilskipun 24. janúar 1838, 4. gr., staflíð a og b, fyrir frelsismissir um styttri tíma en 2 ár, það er að skilja vandarhaggarefsingu. En þar eð stjórnin vissi til þess, að fangelsisrefsing er við höfð í Reykjavík, og þar eð hún áleit að afbrot þau, er hjer ræðir um, muni verða mjög sjaldgæf, þótti henni rjettast að halda þessari fangelsisrefsingu. Þar sem fjársekt er við lögð í 7. gr. sem annar kostur, er hún lækkuð um helming, samkvæmt tilskipun 24. janúar 1838, 3 gr.

Við 8., 9. og 10. gr. þingið hafði vakið athygli á því, að það leiði af tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., að fjársektir þær, sem ákveðnar eru í þessum greinum, verði lækkaðar um helming, og auk þess farið fram á, að fangelsishegning þeirri, er um getur í upphafi 8. greinar, sje breytt í fjársekt. Stjórnin getur þess, að fjársektirnar eru hjer eins og alstaðar annarstaðar, nema í fyrstu grein, en vísaði til áður greindra athugasemda sinna um að halda fangelsisrefsingu, en hún er að öðru leyti ákveðinn sem annar kostur í 9. gr., án þess þó alþingi hafi tekið það fram.

Það virtist einnig að orðið „ríkið“ gæti staðið óbreytt í þessari grein, því með því er einungis sýnt yfir hve mikið svið ákvarðanir laga þessara nái eða eigi að nái; en orðinu „hjer“ virðist að megi sleppa.

Við 11. gr. þingið hafði farið fram á, að sama breyting væri gjörð í þessari grein og stjórnin hafði stungið upp á þegar lögleiða átti þetta lagaboð á Færeyjum, þá nefnilega, að eptir orðið „málalok“ væri bætt inn í þessu: „eða leiðrjettingu, sem þó ekki má vera lengri, en fjórði partur úr einu númeri tímaritsins“. Stjórninni þótti nú henta, að þessu væri breytt þannig eins og

1855.  
9. maí.

hún hafði bent þinginu á, þegar lögin voru lögð fyrir það, en hún áleit að þessari nýju ákvörðun í lögunum yrði breytt á sama hátt og gjört var fyrir Færeyjar þegar frumvarpið var rætt á ríkisþinginu. Þessi breyting, er konungur fjellst einnig á, þegar hann staðfesti lögin, og sem fór fram á, að útgefandinn skuli aldrei vera skyldur að taka í 1 númer fleiri þess konar auglýsingar og leiðrjettingar, en komist á fjórða part af númerinu, var byggð á sanngjörnu tilliti til útgefanda ritsins, því ef skylda sú, er ákvörðun þessi leggur honum á herðar, væri ekki þannig takmörkuð, yrði hann skyldur að taka allt þess konar, þó að það fyllti allt blaðið, og var því bætt við aðra klausu greinarinnar ákvörðun, sem var öldungis eins og bætt var við sömu klausu í sömu grein, þegar lögin voru gjörð gildandi á Færeyjum.

Við 13. gr. þar eð það, eptir ásigkomulagi landsins, þótti vandkvæði og tímaspillir, ef ætíð þyrfti að leita úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort hið opinbera ætti að höfða mál út úr einhverju riti, sem prentað væri á Íslandi, beiddist þingið að úrskurður um það yrði falinn á hendur stiptamtanni eða hlutaðeigandi amtmanni.

Eins og grein þessi er skilin, að ákæra fyrir afbrot móti prentlögum einungis skuli gjörð í tilfellum þeim, sem greind eru í 6. og 7. greinum, og að dómsmálastjórnin þá skuli bjóða hana, þótti það ísjárvert að veita amtmönnum á Íslandi það vald, sem lögin áskilja dómsmálastjórninni, því að hætt væri við að þessi ákvörðun yrði misskilin, og mál væru höfðuð optar en til yar ætlað; á hinn bóginn varð stjórnin að viðurkenna, að tilgangur málstofnunarinnar næst ekki, þegar mál er fyrst höfðuð þegar ritgjörðin, sem málið er stofnað á móti, hefur verið lesin og hefur breiðzt út um langan tíma, ef til vill, í marga mánuði, og þar eð þessi ástæða þótti mikilvægari, var það álitnið rjettast, að vald það, sem greinin áskilur dómsmálastjórninni, verði fallið á hendur yfirvaldi á Íslandi, en þó á þann hátt, að það einungis sje stiptamtmaðurinn. Því eins og hann bæði er álitinn æðsti umboðsmaður stjórnarinnar á Íslandi, eins hverfa líka að nokkru leyti, ef málinu er þannig fyrir komið, formerki þau er voru á því að fylgja uppástungu alþingis.



Samkvæmt þessari breytingu þótti það einnig nauðsyn að veita stiptamtmanni vald það, sem í 14. grein einnig er áskilið dómsmálastjórninni, um að höfða mál fyrir að flytja til landsins rit þess efnis, að hegningar sje vert, og þótti það ekki heldur eins ísjárvert, eptir aðferð þeirri sem þar er ákveðin. Samkvæmt þessu er því breytt því, sem þörf var á í áður nefndum greinum, og auk þess er í 14. gr. í staðinn fyrir orðið „stiptstíðindi“ sett „einhverju íslenzku blaði“.

1855.  
9. maí.

Við 17. gr. Alþingi hafði stungið upp á, að orðin: „Lagaboðið, sem dagsett er 5. dag júlímánaðar 1850 og“ verði úr felld, þar eð lagaboð þetta hafi aldrei verið lögleitt á Íslandi, og hafði stjórnin ekkert á móti því.

## 17. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmaunsins um verðlagsskrá um hafnargjald í Reykjavík.

12. maí.

Verðlagsskrá, er hjer með fylgir, um gjald fyrir að nota Reykjavíkurböfn, vildi jeg biðja herra stiptamt. að senda bæjarstjórninni í Reykjavík, og skýra henni um leið frá, að verðlagsskrá þessi, að tvennu undan skildu, er þegar skal getið, er samhljóða frumvarpi bæjarstjórnarinnar, er þjer senduð hingað, ásamt álitu yðar um það mál, 24. febrúar næstliðinn. Bæjarstjórnin hafði stungið upp á, að afgjald af skipum, er köstuðu akkerum á höfninni, en fermdu hvorki skip nje affermdu, væri sett 12 til 16 skild. fyrir hvert lestarrúm, í hvert skipti sem skipið kemur á höfnina, og að greiða skuli auk þessa gjalds 8 skild. af hverju lestarrúmi, þegar vöru er upp skipað eða út skipað; en stjórnin hlaut að vera yður samdóma í því, að lækka ætti gjaldið fyrir að kasta einungis akkerum á höfninni, til 4 til 8 skild. af hverju lestarrúmi skipsins, en að þar á móti 8 skild. gjald það af hverju lestarrúmi, sem stungið er upp á í frumvarpinu, sje hækkað til 16 skild. þegar nokkuð er upp skipað eða út skipað; og stjórnin varð einnig að fallast á, af ástæðum þeim, er þjer til færið, að gjald fyrir að ferma og afferma skuli einungis greiða af skipum þeim, er til Íslands fara eða sigla